

Reykjavík, 2. desember 2019

## Lífeyrissparnaður nam rúmlega 5.000 milljörðum kr. við lok þriðja ársfjórðungs 2019

Fjármálaeftirlitið hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar lífeyrissjóða og sundurliðun þeirra miðað við lok þriðja ársfjórðungs ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36.a. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má [nálgast þær á vef Fjármálaeftirlitsins](#).

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á tímabilinu. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Heldur hefur dregið úr vexti eigna frá öðrum til þriðja ársfjórðungs og nemur hann aðeins um 1,1%. Þrátt fyrir það hefur orðið orðið mikil aukning eigna eða um 12,3% frá ársbyrjun til þriðja ársfjórðungs og nam lífeyrissparnaður landsmanna 5.018 milljörðum kr. í samtryggingu og séreign við lok þriðja ársfjórðungs. Að auki er áætlað að lífeyrissparnaður hjá erlendum vörsluaðilum<sup>1</sup> séreignarsparnaðar sé um 80 milljarðar kr., miðað við gögn frá síðastliðnum áramótum. Heildareignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í samtryggingu og séreign nam nærri 1.000 milljörðum kr. við lok þriðja ársfjórðungs eða um 20% af lífeyrissparnaði landsmanna. Heildareignir þriggja stærstu lífeyrissjóðanna, LSR, Lífeyrissjóðs Verslunarmanna og Gildis, námu nærri helmingi (49%) af sparnaðinum.

### Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu 4.301 milljarð þann 30. sept. sl. og hækkuðu um nærri 46 milljarða kr. frá 30. júní sl. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að fasteignaveðtryggð skuldabréf, sem að mestu eru sjóðfélagalán, jukust um 23 milljarða kr. eða nærri 5%. Eignir í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlegar fjárfestingar hafa og aukist eða um rúmlega 16 milljarða kr. Innlán drógust verulega saman eða nærri 7 milljörðum kr. og námu 116 milljörðum kr. við lok þriðja ársfjórðungs.

Erlendar eignir sjóðanna voru um 1.435 milljarðar kr. þann 30. september sl. og nam aukningin um 4,3% eða um 59 milljörðum kr. frá öðrum ársfjórðungi. Hlutdeild erlendra eigna í eignasöfnum samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna nam 33 % af heildareignum og hefur aldrei verið meiri.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á milli annars og þriðja ársfjórðungs 2019.

---

<sup>1</sup> Eru undanþegnir ársfjórðungslegum skilum sundurliðunar fjárfestinga

**Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna**

Séreign	Fjárhæðir í þús. kr.	30.6.2019	30.9.2019	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)		1.037.632.654	1.038.430.931	798.276	0,1%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)		485.266.748	508.434.664	23.167.915	4,8%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)		164.704.797	167.604.808	2.900.011	1,8%
Innlán (B.b)		123.298.675	116.351.229	- 6.947.446	-5,6%
Sértryggð skuldabréf (B.c)		196.152.320	196.856.592	704.271	0,4%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)		17.000.738	16.097.792	- 902.946	-5,3%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)		923.163.788	918.432.313	- 4.731.475	-0,5%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)		254.872.674	265.204.880	10.332.206	4,1%
Skuldabr. og peningam. skjöl sjóða um sameiginl. Fjárf. (D.b)		70.310.125	70.583.133	273.008	0,4%
Hlutabréf félaga (E.a)		708.987.022	713.186.667	4.199.646	0,6%
Hlutdeildarskírteini og hlutir sjóða um sameiginl. Fjárf. (E.b)		270.997.490	287.198.221	16.200.732	6,0%
Fasteignir (E.c)		59.339	59.493	154	0,3%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)		3.224.277	2.765.290	- 458.987	-14,2%
<b>Samtals</b>		<b>4.255.670.649</b>	<b>4.301.206.013</b>	<b>45.535.364</b>	<b>1,1%</b>

### Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila námu 717 milljörðum kr. við lok þriðja ársfjórðungs og jukust um nærri 10 milljarða kr. frá öðrum ársfjórðungi. Mest var aukning í sértryggðum skuldabréfum eða rúmlega 6 milljarðar kr. og í hlutdeildarskírteinum sjóða sem nam nærri 5 milljörðum kr. Skuldabréf útgefin af lánastofnunum lækkuðu um rúma 3 milljarða milli ársfjórðunga.

Erlendar eignir séreignasparnaðar námu nærri 157 milljörðum kr. við loka þriðja ársfjórðungs eða sem nemur 22% af eignum þeirra.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar frá öðrum til þriðja ársfjórðungs 2019.

**Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar**

Séreign	Fjárhæðir í þús. kr.	30.6.2019	30.9.2019	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)		127.316.595	128.062.192	745.597	0,6%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)		33.952.150	33.722.373	- 229.777	-0,7%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)		18.499.326	18.542.947	43.621	0,2%
Innlán (B.b)		203.625.052	203.575.762	- 49.290	0,0%
Sértryggð skuldabréf (B.c)		56.084.979	62.488.878	6.403.899	11,4%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)		10.599.356	7.213.893	- 3.385.464	-31,9%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)		138.741.971	143.354.237	4.612.266	3,3%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)		28.784.758	30.181.088	1.396.330	4,9%
Skuldabr. og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. Fjárfest. (D.b)		7.329.854	7.901.490	571.636	7,8%
Hlutabréf félaga (E.a)		44.015.848	43.367.174	- 648.674	-1,5%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. Fjárf. (E.b)		38.528.349	38.719.221	190.872	0,5%
Aðrir fjármálagerningar (F.b)		34.792	43.561	8.770	25,2%
<b>Samtals:</b>		<b>707.513.029</b>	<b>717.172.816</b>	<b>9.659.786</b>	<b>1,4%</b>